



23. febrúar 2024

Tilv.: 2402081

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar lána til neytenda). 109. mál.

Með tölvupósti dags. 9. febrúar óskaði óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögnum Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda (afnám verðtryggingar lána til neytenda). 109. mál á 154. löggjafarþingi.

Seðlabanki Íslands hefur margsinnis í gegnum tíðina veitt umsagnir um þingmál um sams konar eða keimlík mál er lúta að verðtryggingu fjárskuldbindinga, og vísar almennt til þess sem þar hefur fram komið. Af þeim má einkum nefna umsögn sem Seðlabankinn veitti 2. desember 2020 um frumvarp sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi, 38. mál (sjá fylgiskjal).

Frumvarp þetta felur í sér breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þar sem heimild laganna til verðtryggingar lána til neytenda er felld brott ásamt því að bæta inn ákvæði þess efnis að óheimilt verði að verðtryggja neytendalán og fasteignalán til neytenda. Aðrar breytingar frumvarpsins lúta einkum að því að afnema tilvísanir til verðtryggingar í lögum nr. 33/2013 um neytendalán og lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda.

Af greinargerð með frumvarpinu má álykta að banni við verðtryggingu lána til neytenda sé ætlað að vernda neytendur, einkum fyrir áhrifum vegna verðbólgu. Eins og bent var á í umsögn Seðlabankans til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um frumvarp sama efnis sem sett var fram á 153. löggjafarþingi er greiðslubyrði verðtryggðra lána lægri en samsvarandi óverðtryggðra lána framan af lánstímanum og henta þau því tekjulágum einstaklingum sérstaklega vel til þess að fjármagna fasteignakaup. Bann við verðtryggðum lánnum til neytenda mun því fækka valkostum og afnema kosti sem eru sérstaklega heppilegir tekjulágum fasteignakaupendum. Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu fela þannig í sér takmörkun á samningsfrelsi almennings og myndu að öllum líkindum vinna gegn hagsmunum þeirra sem henni er ætlað að hjálpa og auka hættu á greiðsluferfiðleikum lántakenda. Þá er rétt að ítreka það sem Seðlabankinn hefur bent á í gegnum tíðina í þessu sambandi, að besta leiðin til að draga úr áhrifum verðtryggingar sé viðvarandi verðstöðugleiki. Með hliðsjón af framangreindu telur Seðlabankinn rétt að vara við þessari tillögu.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjöl:

- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags 2. desember 2020 (151. löggjafarþing, 38. mál), ásamt fylgiskjali.
- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 6. desember 2022 (153. löggjafarþing, 50. og 55. mál).

